

***BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Bókun áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ársreikning A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu FÁST og greinargerðum - R19120193***

Í ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 kemur fram verri fjárhagsleg staða borgarinnar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hreinar skuldir á móti tekjum eru að aukast um 10% í samstæðunni úr 251 milljarði 2018 í 276 milljarða 2019. Skuldir og skuldbindingar A-hluta standa í 112 milljörðum. Sala byggingaréttar voru áætlaðir tæpir 4 milljarðar en endaði í 26 milljónum eftir niðurfærslu krafna – hef ég óskað eftir sundurliðun á þeirri ráðstöfun. Samstæðan tók lán upp á rúman 31 milljarð og afborganir lána og leiguskulda nam 22 milljörðum. Tekjur Orkuveitunnar voru 1,5 milljörðum minni en áætlað var vegna álverðsafleiðusamninga sem lækkuðu um 3% ásamt gengisbreytingum. Eins og staðan er núna hefur álverð lækkað um 9% og fer enn lækkandi. Það verður stórt högg fyrir Orkuveituna og samstæðuna árið 2020. Það er hreint með ólíkindum að endurskoðunarnefnd Reykjavíkur skuli skrifa upp á ársreikning 2019, þegar fyrir liggur að einn nefndarmaður hefur sagt sig úr nefndinni vegna ágreinings um uppgjörsglur Félagsbústaða. Með því að nota gangverðsregluna en ekki kostnaðarverðsregluna veldur því að árið 2019 koma Félagsbústaðir inn í samstæðuna með 4,8 milljarða umfram áætlun og 2,9 milljarða 2018. Þessari deilu hef ég nú verið vísað til Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitastjórnarráðuneytisins til úrskurðar.